



## KÖNNUN Á STARFSEMI OG STJÓRNUN LENGDRAR VIÐVERU



## **Efnisyfirlit**

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur .....	3
Er boðið upp á lengda viðveru í sveitarfélaginu fyrir börn á yngsta stigi grunnskóla? .....	4
Fyrir hvaða árganga er þjónustan í boði? .....	4
<i>Hver ber faglega ábyrgð á rekstri þjónustunnar fyrir hönd sveitarstjórnar? .....</i>	<i>5</i>
<i>Hvaða aðili sér um framkvæmd þjónustunnar? .....</i>	<i>5</i>
<i>Hvert er starfsheiti og starfshlutfall forstöðumanns lengdrar viðveru?.....</i>	<i>6</i>
<i>Hvaða kröfur eru gerðar um menntun stjórnenda lengdrar viðveru í sveitarfélaginu?.....</i>	<i>7</i>
<i>Hversu hátt hlutfall nemenda nýtti sér þjónustuna haustið 2009, skipt eftir aldri?.....</i>	<i>8</i>
<i>Eru einhver viðmið um fjölda barna á starfsmann? .....</i>	<i>9</i>
<i>Er tómstundaheimilið/frístundaheimilið opin fyrir börn í 1.–4. bekk í þegar frí er í skólanum á skólaárinu?.....</i>	<i>10</i>
<i>Er tómstundaheimilið/frístundaheimilið opið fyrir börn í 1.–4. bekk á sumrin?.....</i>	<i>11</i>
<i>Hver var heildar rekstrarkostnaður (brúttó) sveitarfélagsins vegna lengdrar viðveru árið 2009?.....</i>	<i>12</i>
<i>Athugasemdir vegna skipulags eða reksturs frístundaheimila/tómstundaheimila .....</i>	<i>13</i>
<i>Könnunin.....</i>	<i>15</i>


## **Inngangur**

Í byrjun árs 2010 kom beiðni frá Samtökum áhugafólks um skólaþróun til Sambandsíslenskra sveitarfélaga um samstaf við að kortleggja starfsemi og stjórnun tómsundaheimila. Sú samvinna var auðsótt mál og er samantekt þessi afrakstur hennar.


Könnunin var send út rafrænt sem hlekkur í tölvupósti á alla oddvita/sveitarstjóra/bæjarstjóra 77 sveitarfélaga landsins. 56 svöruðu könnuninni sjálfri en að auki svöruðu fimm sveitarfélög í tölvupósti. Þannig bárust svör frá 61 sveitarfélagi. Svarhlutfall var því 79% sem telja má allgott.

Þar sem íbúafjöldi sveitarfélaga er mjög mismunandi er fróðlegt að skoða svarhlutfall út frá íbúafjölda. Í því 61 sveitarfélagi sem svaraði könnuninni búa rúm 94% landsmanna.

**Mynd 1. Svarhlutfall**




**Mynd 2. Hlutfall íbúa landsins eftir svarstöðu**



### **Er boðið upp á lengda viðveru í sveitarfélaginu fyrir börn á yngsta stigi grunnskóla?**


Af því 61 sveitarfélagi sem svaraði, eru 45 sveitarfélög sem bjóða upp á lengda viðveru, eða um 74% þátttakenda könnunarinnar. Í þessum 45 sveitarfélögum búa 92% allra barna á aldrinum 6–9 ára á landinu. Þau 16 sveitarfélög sem ekki bjóða upp á þjónustuna eiga það öll sammerkt að vera fámenn og/eða dreifbýl sveitarfélög. Í þrettán þeirra er íbúafjöldi undir 500. Í einu þeirra er íbúafjöldinn yfir 900 manns, en byggðakjarnar dreifðir.

Með lengdri viðveru er átt við þá vistun utan skólatíma sem mörg sveitarfélög bjóða upp á, og gengur m.a. undir heitunum frístundaheimili, frístundaskóli, tómstundaheimili og skóladagvist.




### **Fyrir hvaða árganga er þjónustan í boði?**

Spurt var fyrir hvaða árganga þjónustan er í boði, og fjórir valkostir voru í boði; 1., 2., 3. og 4. bekkur. Öll 45 bjóða upp á þjónustuna fyrir 1. og 2. bekk. Öll utan eitt bjóða upp á þessa þjónustu líka fyrir 3. bekk, og 84% þeirra bjóða hana að auki fyrir nemendur í 4. bekk. Við þessa spurningu var líka opinn svarreitir og þar nefndu 3 sveitarfélög að þjónustan væri einnig í boði fyrir 5. bekk, eitt sveitarfélag býður upp á hana líka fyrir nemendur í 6. bekk. Að auki nefna fimm sveitarfélög að þessi þjónusta standi einnig eldri fötluðum nemendum til boða.




Á mynd 5 er búið að reikna út fjölda þeirra barna í hverjum árgangi, sem samkvæmt könnuninni er boðin þjónustan, sem hlutfall af heildarfjölda barna í hverjum árgangi á landsvísu. Í þeim sveitarfélögum sem svara því til að boðið sé upp á lengda viðveru í 1. bekk, búa 93% allra 1. bekklinga á landinu í 1. bekk.




## Hver ber faglega ábyrgð á rekstri þjónustunnar fyrir hönd sveitarstjórnar?

Í spurningu 5 var spurt hver ber faglega ábyrgð á rekstri þjónustunnar. Um er að ræða opna spurningu og sveitarfélög gáfu upp starfstítil viðkomandi. Þar sem skipulag sveitarfélaga getur verið æði ólíkt og ólík starfsheiti, þá voru starfsheitin flokkuð. Langflestir nefndu skólastjórnendur eða 66% þeirra sem bjóða upp á lengda viðveru. 19% nefna stjórnendur innan sveitarfélagsins sem fara með fræðslumálin. Í þeim tilvikum sem stjórnendur eða umsjónarmenn skólavistunar eða dagvistunar eru nefndir sem ábyrgðaraðilar, þá eru skólastjórar einnig nefndir.




En sé sama mynd skoðuð með tilliti til vægis barnafjölda, þá kemur í ljós að í þeim sveitarfélögum þar sem skólinn ber faglega ábyrgð, búa 30% barnanna, en 38% barnanna búa þar sem fagleg ábyrgð liggur hjá stjórnendum á sviði íþrótta-, æskulýðs og tómstundamála. Hér er átt við fjölda barna á aldrinum 6–9 ára í þeim 45 sveitarfélögum sem bjóða upp á lengda viðveru.




## Hvaða aðili sér um framkvæmd þjónustunnar?

Þegar búið er að afla svara við því hver ber faglega ábyrgð á þjónustunni er eðlilegt að athuga hverjum sveitarfélagið hefur falið að annast framkvæmd þjónustunnar. Spurning nr. 6 var opin líkt og spurning nr. 5. Líkt og Mynd 7 ber með sér þá hafa langflest sveitarfélög falið skólunum sjálfum að annast framkvæmd þessarar þjónustu, eða 87% þeirra. Það er því langalgengasta fyrirkomulagið. Tvö þeirra, eða sem nemur 5% þátttakenda, hafa falið íþrótta- og tómstundaráði að annast framkvæmdina. Annað þeirra er Reykjavíkurborg. Í einu sveitarfélagi er framkvæmdin sameiginlegt verkefni ungmennafélags og skóla.




Sé hins vegar litið til sömu skiptingar með tilliti til vægis barnafjölda þá lítur myndin öðruvísi út. 36% barna búa í þeim tveimur sveitarfélögum þar sem íþrótt- og tómstundaráði hefur verið falið framkvæmd þjónustunnar. Hér er átt við fjölda barna á aldrinum 6–9 ára í þeim 45 sveitarfélögum sem bjóða upp á lengda viðveru.




### Hvert er starfsheiti og starfshlutfall forstöðumanns lengdrar viðveru?

Í spurningu nr. 7 er spurt um starfsheiti og starfshlutfall þess starfsmanns sem stýrir daglegu starfi lengdrar viðveru. Um opna spurningu var að ræða og 42 sveitarfélög gáfu upp starfsheiti viðkomandi starfsmanns. Tíðasta starfsheitið er umsjónarmaður en 17 sveitarfélög eða 40% þeirra sem svöruðu spurningunni nota það heiti. Næst algengasta starfsheitið er forstöðumaður sem 11 sveitarfélög nota.



Ef við skoðum skiptingu starfsheita út frá vægi barnafjölda í viðkomandi sveitarfélögum má sjá að í því eina sveitarfélagi sem notar starfsheitið „verkefnisstjóri“ búa ríflega 35% barnanna. Hér er átt við fjölda barna á aldrinum 6–9 ára í þeim 45 sveitarfélögum sem bjóða upp á lengda viðveru.






Þá var spurt um starfshlutfall. Sá hluti spurningarinnar var einnig opinn. Í mynd 11 hefur verið gerð tilraun til að flokka svörin. Í sjö sveitarfélögum er um heilt stöðugildi að ræða en í öðrum er um hlutastarf að ræða. Í 12 sveitarfélögum er starfshlutfallið 51-75% og í enn öðrum 12 er það 26-50%. Af þessu er ljóst að í fáum sveitarfélögum er um fullt starf að ræða, í flestum tilvikum eða 83% þeirra er um hlutastarf að ræða.

Þess ber að geta að í þeim sjö sveitarfélögum þar sem starf forstöðumanns lengdrar viðveru er fullt starf, búa 56% allra barna á aldrinum 6–9 ára í þessum 45 sveitarfélögum.

### **Hvaða kröfur eru gerðar um menntun stjórnenda lengdrar viðveru í sveitarfélaginu?**


Hér að framan er farið yfir faglega ábyrgð, framkvæmdaraðila og stöðuheiti og starfshlutfall þess er stýrir þjónustunni. Í 8. spurningu var spurt að menntunarkröfum, þ.e hvaða kröfur eru gerðar um menntun stjórnanda lengdrar viðveru í sveitarfélaginu. 41 sveitarfélag svaraði spurningunni. Yfir helmingur þeirra sem svöruðu svara því til að engar kröfur séu gerðar til þeirra sem stýra þessu starfi. Stúdentspróf nefna 7% svarenda, og 39% segja að krafist sé Ba eða BEd prófs (kennaramenntunar, tólmstundafræði eða sambærilegs nám). Í athugasemdum tekur einn svarenda fram sem svara því til að háskólaprófs sé krafist, að ekki hafi þó fengist fólk með þessa menntun í starfið. Að sama skapi bendir einn þeirra er svarar því til að engar kröfur séu gerðar – að þetta sé í þróun og líklega yrðu settar inn kröfur um háskólamenntun næst þegar staðan yrði auglýst.

Sé litið til vægis barnafjölda, líkt og gert er í mynd nr. 13, má sjá að í þeim 16 sveitarfélögum sem gera kröfur um Ba, eða BEd menntun, búa um 93% allra barna á aldrinum 6–9 ára í þessum 45 sveitarfélögum.




## Hversu hátt hlutfall nemenda nýtti sér þjónustuna haustið 2009, skipt eftir aldri?

Spurt er um nýtingu þjónustunnar í spurningu númer 9. Spurt var hve hátt hlutfall nemanda í hverjum bekk fyrir sig í 1.-4. bekk nýttu þessa þjónustu. 40 sveitarfélög svöruðu spurningunni. Myndin hér til hliðar sýnir að nýtingin er best í 1. bekk þar sem í 18% sveitarfélaga nýta öll börnin í árganginum sér þjónustuna. Í 43% sveitarfélaga er hlutfallið 75-99% af árgangi sem nýtir sér þjónustuna í 1. bekk. Í 1. bekk eru því í 61% sveitarfélaga um 75-100% nýting. Það hlutfall fer dalandi eftir því sem ofar dregur í bekkjarröðina. Þannig er þetta hlutfall 45% í 2. bekk (í 45% sveitarfélaga er nýtingin 75-100%), 13% í 3. bekk og 10% í 4. bekk. Það vekur athygli að í bæði 3. og 4. bekk svara 10% þátttakenda því til að öll börn í viðkomandi árgangi noti þjónustuna. Líklegt má telja að skýring á því sé að um dreifbýlisskóla er að ræða þar sem börn ferðast til og frá skóla með skólabíl.




Mynd nr. 15 sýnir sömu skiptingu á nýtingu á þjónustu, þ.e. hve hátt hlutfall barna nýtir sér þjónustuna. Hér er tekið tillit til barnafjölda í stað fjölda sveitarfélaga. Þannig leiðir myndin í ljós að í þeim sveitarfélögum þar sem öll börn nýta sér lengda viðveru í 1. bekk, búa einungis um 2% allra barna á aldrinum 6–9 ára í þessum 45 sveitarfélögum.






## Eru einhver viðmið um fjölda barna á starfsmann?

Spurt er um viðmið í 10. spurningu, þ.e hvort fyrir liggi ákveðin viðmið um hámarksfjölda barna á hvern starfsmann. 45 sveitarfélög svöruðu þessari spurningu. 42% þeirra eða 19 hafa engin ákveðin viðmið um hámarksfjölda barna á hvern starfsmann. Þó kemur fram hjá einstaka svarenda að þetta fari eftir barnahópnum, og einn svarar því til að bætt hafi verið við starfsmanni vegna fjölda, þó engin skýr viðmið séu fyrir hendi. 26 sveitarfélög hafa viðmið, en oft eru þau ekki mjög skýr. Hér eru svörin flokkuð úr opinni spurningu. Mjög mörg sveitarfélög gefa upp talnabil sem viðmið, t.d 10–12 eða 12–15. Á mynd 11 má sjá að jafn mörg sveitarfélög gefa upp viðmið á bilinu 10–12 börn á starfsmann og svo 13–15. Einungis eitt sveitarfélag miðar við 18 börn á hvern starfsmann. Í sumum sveitarfélögum er það gefið upp að á fyrsta starfsmann er t.d 10 börn, en á næstu eftir það eru þau fleiri. Önnur taka mið af aldri barnanna, hafa færri 6 ára börn á hvern starfsmann en svo fjölgar þeim á hvern starfsmann hjá eldri börnunum.




Það er forvitnilegt að skoða svörin við spurningunni út frá vægi barnafjölda, líkt og gert er í mynd 17. Þá kemur glögg í ljós að í þeim sveitarfélögum sem ekki hafa sett sér viðmið um hámarksfjölda, búa um 17% barna á aldrinum 6–9 ára í þessum 45 sveitarfélögum. Enn fremur má sjá að í þeim sveitarfélögum sem gefa upp viðmið á bilinu 13–15 nemendur, býr 58% barnanna. Hér á meðal er Reykjavíkurborg, en viðmið hennar fer eftir aldri barnanna, þ.e miðað er við 12 börn á hvern starfsmann hjá 6 ára börnum, en 14 á 7-9 ára börn. Hér flokkast Reykjavíkurborg undir viðmiðið 13–15.




### **Er tómstundaheimilið/frístundaheimilið opin fyrir börn í 1.-4. bekk í þegar frí er í skólanum á skólaárinu?**

Í 11. spurningu er spurt um aðgengi að þjónustunni á skólaárinu þegar frí er í skólanum. Tekið er fram að átt er við starfsdaga og vetrarfrí. 45 sveitarfélög svöruðu þessari spurningu. Spurningin er tvíkosta, þ.e. þátttakendur gátu einungis svarað játandi eða neitandi ásamt opnu athugasemdasvæði. Með hliðsjón af athugasemdum við spurninguna eru svörin flokkuð í svarkostina „já“, „já að hluta“ og „nei“ þar sem svörin báru það með sér að þjónustan getur verið í boði á starfsdögum en ekki vetrarfrí eða öfugt. Ríflega meirihluti þeirra sem svara spurningunni, eða 56%, svara því til að þessi þjónusta sé ekki í boði hvorki á starfsdögum né í vetrarfríum. Hjá hinum skiptist það þannig að í 27% tilvika er þessi þjónusta í boði annað hvort á starfsdögum eða í vetrarfrí og í 18% tilvika er þessi þjónusta í boði hvort sem um er að ræða starfsdaga eða vetrarfrí.




Á mynd 19 sést sama skipting og á mynd 18, en hér er miðað við vægi barnafjölda í stað fjölda sveitarfélaga. Myndin lítur talsvert öðruvísi út. Langflest börn, eða 70% þeirra, búa hvar boðið er upp á lengda viðveru annað hvort á starfsdögum eða í vetrarfríum. Einungis 11% barna sem á annað borð er boðið upp á lengda viðveru, stendur þjónustan hvorki til boða á starfsdögum né í vetrarfríum.




### **Er tómstundaheimilið/frístundaheimilið opið fyrir börn í 1.-4. bekk á sumrin?**

Þá er spurt um aðgengi að frístundaheimilum/tómstundaheimilum á sumrin í spurningu númer 12. 44 sveitarfélög svöruðu spurningunni. Líkt og í spurningu 11 var spurningin tvíkosta og aðeins hægt að svara henni játandi eða neitandi ásamt opnu athugasemdasvæði. Með hliðsjón af athugasemdum við spurninguna eru svörin flokkuð í svarkostina „já“, „já,annað rekstrarform“ og „nei“. Langflest þeirra eða 36 svöruðu neitandi, eða 82%. 18% þeirra eða 8 sveitarfélög svara játandi, þar af er um að ræða annað rekstrarform í helmingi tilvika. Af þeim fjórum sveitarfélögum sem svara játandi, greinir helmingur þeirra frá því að þjónustan sé ekki í boði á ákveðnum tíma sumarsins. Það eru vissulega vandkvæði bundin við að endurraða svörum eftirá, og líklega hefði myndin litið öðruvísi út ef upphaflega hefði verið boðið upp á valkostinn „annað rekstrarform“.



Það er forvitnilegt að skoða svörin við spurningunni út frá vægi barnafjölda, líkt og gert er í mynd 21. Hér sést að hlutfall barna er nánast það sama hvort sem sveitarfélagið býður upp á þjónustuna á sumrin eða ekki.



### ***Hver var heildar rekstrarkostnaður (brúttó) sveitarfélagsins vegna lengdrar viðveru árið 2009?***

Að endingu var spurt um rekstrarkostnað vegna lengdrar viðveru árið 2009. 39 sveitarfélög svöruðu spurningunni. Af þeim gáfu 35 upp kostnaðartölur vegna lengdrar viðveru. Fjögur sveitarfélög svöruðu því í athugasemdum við spurninguna að ekki væri unnt að aðgreina þann kostnað frá öðrum kostnaði vegna skólalands. Samtals vörðu þessu 35 sveitarfélög tæpum 1,4 milljarði í þessa þjónustu árið 2009. Þá er vert að benda á að þrjú mjög stór sveitarfélög á suðvesturhorninu svara þessari spurningu ekki. Á árinu 2009 búa ríflega 70 þúsund manns í þessum þremur sveitarfélögum. Það er því ljóst að niðurstaðan í könnuninni endurspeglar ekki heildarkostnað sveitarfélaga vegna lengdrar viðveru.

Fullt tilefni er til að minna á að samkvæmt auglýsingu reikningsskila- og upplýsinganefndar nr. 414/2001 um flokkun og greiningu í bókhaldi og reikningskilum sveitarfélaga er skylt að bókfæra kostnað vegna lengdrar viðveru á sérstakan bókhaldslykil.

Ósamræmi meðal sveitarfélaga í bókhaldi leiðir af sér ónákvæmni í samanburði milli sveitarfélaga og getur jafnvel skekkt slíkan samanburð. Í þessu tilfelli eru afleiðingarnar tvíþættar.

1 Ljóst er að mörg sveitarfélög færa kostnað vegna vistunar utan skólatíma beint á rekstrareininguna grunnskóla og hækka þar með rekstrarkostnað þeirrar einingar. Það skekkir allan samanburð á rekstrartölum grunnskóla þeirra sveitarfélaga við önnur sveitarfélög.

2. Að auki hefur þetta áhrif á lögbundin rekstrarframlög sveitarfélaga til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemandu samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Hér er átt við þann kostnað sem færður er undir liðinn *04-21 grunnskólar* hér fyrir ofan.

Það gefur auga leið að þegar stór hluti sveitarfélaga færir kostnað vegna vistunar utan skólatíma ranglega þá hefur það afleiðingar á samanburðarhæfi upplýsinga um grunnskólakostnað og getur haft áhrif á forsendur annarra útreikninga.

## ***Athugasemdir vegna skipulags eða reksturs frístundaheimila/tómstundaheimila***

Að lokum gátu þátttakendur komið með athugasemdir vegna skipulags eða reksturs þjónustunnar. Meðfylgjandi eru allar athugasemdir sem bárust.

- Í sveitarfélaginu er rekin sérdeild og nemendur hennar sækja skóladagvist þess skóla.
- Nemendur 1.-4. bekkjar eru í lengdri viðveru í 280 mínútur á dag meðan aðrir nemendur klára sinn skóladag.
- Frístundaskólinn er samstarfs og tilraunaverkefni milli Grunnskóla og ungmennafélags. Ungmennafélagið leggur til einn starfsmann og Grunnskólinn einn starfsmann sem hvort eð er væri með umsjón með heimanámi og lengdri viðveru nemenda sem þurfa að bíða eftir skólaakstri. Með þessu næst fram ákveðinn fjölbreytileiki og betri nýting starfsmanna sem hvort eð er væru á launum. Mikil ánægja er með þetta fyrirkomulag meðal foreldra og tel ég að sveitarfélög ættu í auknum mæli að samnýta krafta skóla og frjálsra félagasamtaka sem þau styrkja hvort sem er í ríkum mæli.
- Styttum daglegan tíma þannig að lokað er 16.15, fjöldi barna pr. starfsmann aukinn í 18, stöðugildum forstöðumanna breytt, gjaldskrá hækkuð. Gert frá hausti. Reiknum með að kostnaður sveitarfélagsins verði rétt rúmar 20.000.000 á þessu ári í stað rúmlega 40.000.000 sem hann hefði ella orðið.
- Ég tel mikilvægt að gera meiri menntunarkröfur á skólaseli. Nýta krafta kennaranna til að leiða þar faglegt starf.
- Fjöldi barna í frístundaheimilum og frístundaklúbbum ÍTR voru 3.000 árið 2009. Tekjur (þátttökugjöld): 333 millj.
- Þeir nemendur 1. - 4. bekkjar sem stunda tónlistarnám gera það á sama tíma og lengd viðvera er.
- Hef ekki sundurliðaðar rekstrartölur þar sem þær falla inn í annan rekstur skólans og starfsfólkið nýtist jafnt að morgni sem eftir hádegi. Erfitt að sundurliða þennan kostnað.
- Varðandi spurningar 7 og 8 - Frístunda- og menningarfulltrúi ber ábyrgð á daglegum rekstri Frístundar en án þess þó að stýra daglegu starfi með beinum hætti.
- Flutningur í nýtt húsnæði stendur fyrir dyrum og mun þá öll aðstaða í skólagæslunni verða önnur og betri.

- Þessi starfsemi er rekin sem hluti af skólastarfinu. Það eru öll börn í sveitarfélaginu sem fara með skólabílum. Lengd viðvera er að hluta til komin vegna þess að aðeins er ein brottför frá skólanum á degi hverjum. Vinsamlegast hafið samband við mig ef þetta er óljóst.
- Fatlaðir nemendur fá þjónustu á öðrum stað þar sem eru sérkennarar og þroskaþjálfar starfandi.
- Engin innrileiga er inn í tölu um heildar rekstrarkostnað.
- Skólavistin var rekin af einkaaðila þangað til á núverandi skólaári. Þegar þetta er skrifað er ýmis vinna í gangi hvað varðar skipulegra starf og meiri þjónustu við börn með fötlun á þessu aldursbili.
- Hér á Seyðisfirði er afar metnaðarfullt starf í skólaselinu en við bjóðum upp á það aðeins til 15.00 og það hefur mælst vel fyrir enda kappnóg fyrir börn að vera svo lengi í skólanum.
- 
-

## Könnunin



### Lengd viðvera - könnun á starfsemi og stjórnun

#### 1.

Markmið með könnun þessari er að afla upplýsinga um lengda viðvera í grunnskólum. Könnunin er unnin af Sambandi íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við Samtök áhugafólks um skólaþróun.

Með lengdri viðvera er átt við þá vistun utan skólatíma sem mörg sveitarfélög bjóða upp á, og gengur m.a undir heitunum fristundaheimili, fristundaskóli, tómstundaheimili eða skóladagvist.

Ætlunin er að kanna starfsemi og stjórnun slíkra heimila. Niðurstöður könnunarinnar verða kynntar á ráðstefnu um málefni tómstundaheimila sem haldin verður í Reykjavík 9. apríl. Ráðstefnan verður nánar auglýst þegar nær dregur.

Um leið og við viljum þakka þér fyrir þátttökuna minnum við á að hægt er að svara einstökum spurningum eða spurningalistanum í heild sinni.

Svarfrestur rennur út þann 19. febrúar 2010.

\*

#### 1. Nafn sveitarfélags

\*

#### 2. Nafn svaranda og staða/starfsheiti

\*

#### 3. Er boðið upp á lengda viðvera í sveitarfélaginu fyrir börn á yngsta stigi grunnskóla?

Já

Nei

Ef svarið er nei við spurningu nr. 3, þá lýkur könnuninni hér. Vinsamlega renndu niður könnunina og smelltu á "done" hnappinn

**4. Fyrir hvaða árganga er þjónustan í boði?  
Vinsamlega hakið við alla viðeigandi svarmöguleika.**

- 1. bekk
  - 2. bekk
  - 3. bekk
  - 4. bekk
  - Annað - vinsamlega tilgreinið
- 

**5. Hver ber faglega ábyrgð á rekstri þjónustunnar fyrir hönd sveitarstjórnar?  
Vinsamlega tilgreinið starfstitil (ekki nafn).**

**6. Hvaða aðili sér um framkvæmd þjónustunnar?**

**7. Hvert er starfsheiti og starfshlutfall forstöðumanns lengdrar viðveru?  
Hér er spurt um þann starfsmann sem stýrir daglegu starfi lengdrar viðveru.**

Starfsheiti

Starfshlutfall

**8. Hvaða kröfur eru gerðar um menntun stjórnenda lengdrar viðveru í  
sveitarfélaginu?**

- Engar
- Stúdentspróf
- Ba / BEd próf ss. kennaramenntun eða tólmstundafræði eða sambærilegt nám

Annað, vinsamlega tilgreinið



9. Hversu hátt hlutfall nemenda nýtti sér þjónustuna haustið 2009, skipt eftir aldri?  
Miða skal við 1.október 2009

1.bekkur	<input type="text"/>
2.bekkur	<input type="text"/>
3.bekkur	<input type="text"/>
4.bekkur	<input type="text"/>
Annað	<input type="text"/>

**10. eru einhver viðmið um fjölda barna á starfsmann?**

- Já  
 Nei

Ef já þá tilgreinið

**11. eru tómstundaheimilin/frístundaheimilin opin fyrir börn úr 1.-4.bekk þegar frí er í skólanum á skólaárinu?**

**Hér er átt við starfsdaga og vetrarfrí.**

- Já  
 Nei

Annað

**12. Eru tómstundaheimilin/frístundaheimilin opin fyrir börn úr 1.-4.bekk á sumrin?**

Já

Nei

Annað

**13. Hver var heildar rekstrarkostnaður (brúttó) sveitarfélagsins vegna lengdrar viðveru árið 2009?**

**14. Athugasemdir sem þú vilt koma á framfæri vegna skipulags eða reksturs frístundaheimila/tómstundaheimila**

Done